Heimar hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun

Endurkaupum samkvæmt endurkaupaáætluninni, sem tilkynnt var um þann 28. ágúst 2026, er nú lokið.

Í viku 48 keyptu Heimar hf. („Heimar“) 241.075 eigin hluti að kaupverði 8.148.335 kr., í samræmi við eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð (gengi)	Kaupverð (kr.)
23.11.2026	14:41	3.000	33,80	101.400
24.11.2026	09:46	238.075	33,80	8.046.935
Samtals		**241.075**		**8.148.335**

Viðskiptin eru í samræmi við endurkaupaáætlun Heima sem tilkynnt var um þann 28. ágúst 2026. Endurkaup munu samkvæmt áætluninni nema að hámarki 500.000.000 kr. að kaupverði og mun áætlunin vera í gildi þar til því hámarki er náð, þó aldrei lengur en til lok árs 2026. Endurkaupum er nú lokið.

Heimar áttu 42.383.925 hluti fyrir ofangreind viðskipti og á því að þeim loknum 42.625.000 hluti, eða um 2,17% af útgefnum hlutum í félaginu, og nemur heildarkaupverð keyptra hluta á árinu 2026 1.499.759.053 kr.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar er í samræmi við lög um hlutafélög, nr. 2/1995, 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014, um markaðssvik, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum, nr. 60/2021, sem og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2016/1052/EB, sem hefur að geyma tæknilega skilmála varðandi endurkaupaáætlanir.

Nánari upplýsingar veitir Björn Eyþór Benediktsson – Framkvæmdastjóri fjármála – eythor@heimar.is

Viðhengi
Heimar hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun